



FUNDARGERÐ 456. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 17. september 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:05. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri.

Ágúst Bjarni Garðarsson situr fund með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir

1. Áætlun SORPU 2022 og drög að gjaldskrá

Framkvæmda- og fjármálastjórar gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU og gjaldskrár fyrir árið 2022.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn samþykkir að vísa drögum að fjárhagsáætlunum og gjaldskrá til kynningar á eigendavettvangi og vettvangi sveitarfélaganna.“

2. Niðurstaða úr útboði á útflutningi á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir niðurstöðum útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna og afla frekari gagna um fyrirkomulag útflutnings.“

3. Stefnumál SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir beiðni bæjarráðs Kópavogs um framtíðarsýn stjórnar og stjórnenda SORPU og hvað sú umbreyting sem er að verða á starfsemi SORPU þýði fyrir rekstur hennar. Framkvæmdastjóri vinnur drög að umbeðnum gögnum og kynnir fyrir stjórn.



4. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 28. september klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:07.